



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð

70. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 21.10.2016 kl. 10:30 í strætisvagni á akstri eftir fyrirhugaðri Borgarlínu.

Mættir:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson og Halldór Halldórsson

Kópavogsbær:

Hreiðar Oddson og Ása Richardsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Borghildur Sturludóttir

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Ingi Óskarsson

Seltjarnarnesbær:

Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

Ennfremur sátu fundinn fagrað svæðisskipulagsnefndar; Haraldur Sigurðsson, Birgir H. Sigurðsson, Arinbjörn Vilhjálmsson og Kristinn H. Guðbjartsson auk annarra gesta. Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

- 1. Fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2017** /málsnr. 1510002
Hrafnkell lagði fram tillögu að fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður við rekstur svæðisskipulagsnefndar og svæðisskipulagsstjóra árið 2017 verði 23.9 mkr. Þar af eru 5 mkr. verkefnafé.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir fjárhagsáætlun 2017.

- 2. Skoðunarferð um fyrirhugaða Borgarlínu** /málsnr. 1510007
Ekið eftir mögulegri leið fyrirhugaðrar Borgarlínu með stoppum við; Smáralind, Reykjavíkurveg, Ásgarð, Hamraborg, BSÍ, Eiðistorg, Skeifuna, Háholt og Mjódd. Fulltrúar sveitarfélaganna í svæðisskipulagsnefnd og fagraði greindu frá uppbyggingar hugmyndum á hverjum stað. Lilja Karlsdóttir, umferðarverkfræðingur hjá Viaplan greindi frá ýmsum útfærsluatriðum sem snerta léttlestar- og/eða BRT kerfi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:00